


Sjóeldi á laxi og byggðastefna

Málstofa Hagfræðistofnunar 22. mars 2024

SIGURÐUR JÓHANNESSEN

Sjóeldi á laxi margfaldaðist 2015-2021

- Lax úr sjókvíum var 82% af öllum eldisfiski í tonnum talið 2023.
- 57% af leyfum eru á Vestfjörðum, 43% á Austfjörðum.
- Eldið jókst hratt 2015-2021, en dróst saman 2022 vegna blóðþorra, slæms veðurs o.fl.



Tonn af óslægðum laxi úr kvíum

Laxeldi í sjó jókst stórum skrefum frá 2015-2021, en nokkurt bakslag hefur orðið síðustu árin. Myndin sýnir tonn af óslægðum laxi úr sjókvíum. Heimild: Matvælastofnun.

Tekjur sjóeldisfyrirtækja vaxa hratt fram til 2023

- Tekjur jukust áfram 2022 þrátt fyrir að minna væri slátrað af laxi. Verð hækkaði á heimsmarkaði vegna minna framboðs – en útflutningstekjur drógust saman 2023.




Tekjur sjóeldisfyrirtækja jukust jafnt og þétt frá 2015 fram á árið 2022. Myndin sýnir milljónir króna á neysluverði 2022. Heimildir: Ársreikningar fyrirtækjanna, Hagstofan, eigin útreikningar.

Milljónir króna á neysluverði 2022

Von um hagnað skýrir hátt verð eldisleyfa

- Tap hefur verið á rekstri fyrirtækjanna flest árin, en afkoman fer heldur batnandi. Tekjur af sölu seiðaeldis skýra hagnað árið 2022.
 - Alls kyns vandamál hafa komið upp.
- Eigið fé var 39 milljarðar í árslok 2022 og eiginfjárhlutfall 46%.
 - Mikið rekstrarfé endurspeglar von um hagnað.
- Hagnaðarvon skýrir líka hátt verð á eldisleyfum ...



Sjóeldisfyrirtækin hafa flest árin verið rekin með tapi – en afkoman batnaði 2019. Heimildir: Ársreikningar fyrirtækjanna.

Milljónir króna á neysluverði 2022

Sjóeldi skiptir ekki sköpum í hagtölum fyrir landið allt...

- Þáttatekjur í sjóeldi voru 10 milljarðar króna árið 2022, eða 0,3% af landsframleiðslu.
- Þá voru ársverk í greininni 330, eða 0,2% starfa hér á landi.
- Útflutningur á laxi var 2,5% alls útflutnings á vöru og þjónustu 2022, en 2,1% 2023.

	2015	2019	2020	2021	2022
Fiskeldi, milljarðar kr.	1.530	10.169	6.569	11.462	15.381
% af heild	0,1%	0,4%	0,2%	0,5%	0,5%
Sjóeldi, milljarðar kr.	0	6.562	3.461	8.275	10.317
% af heild	-	0,2%	0,1%	0,3%	0,3%

Þótt fiskeldi hafi vaxið hratt undanfarin ár er það ekki hátt hlutfall af landsframleiðslu. Taflan sýnir þáttatekjur í milljónum króna á hlaupandi verðlagi og hlutfall af tekjum allra atvinnugreina. Þáttatekjur eru summa rekstrarhagnaðar, afskrifta og launa og tengdra gjalda. Heimildir: Hagstofan, eigin útreikningar.

..en eldið er mikilvægt á sunnanverðum Vestfjörðum

- Á árunum 2012 til 2019 skýrði sjóeldi á laxi um það bil 5% hagvöxt af 25% vexti á Vestfjörðum – eða 1/5 af vextinum.
- Ársverk í sjóeldi á laxi um 160 á Vestfjörðum 2022, 4-5% ársverka í þessum landshluta.
- 15-20% af um 800 störfum í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi eru í sjóeldi á laxi...
 - ...auk tengdra starfa.
 - Líklega meginskýringin á því að íbúum hreppanna fjölgaði um 135, eða 11%, frá ársbyrjun 2014 til 2024.
 - Húsnæðisverð þrefaldaðist tæplega á þessum tíma – en er þó enn aðeins 35-40% af verði í sérbýli í austurhverfum Reykjavíkur.

Góð laun í boði – en störfín virðast ekki freista Íslendinga...

- Meðallaun fyrir fulla vinnu í fiskeldi voru að á bilinu 900 þúsund krónur til ein milljón á mánuði 2022. Það er 6-20% yfir meðallaunum á Íslandi.
 - Unnið er á 12 tíma vöktum viku í senn með vikufríi á milli.
- Störfín freista Íslendinga ekki nóg til þess að þeir flytji vestur...
 - Frá ársbyrjun 2014 til 2024 fækkaði íslenskum borgurum í hreppunum tveim á sunnanverðum Vestfjörðum um 96 eða um 9%.
 - Fækkar meira á Tálknafirði en í Vesturbyggð.
 - Konum fækkar meira en körlum.
 - Sextugum og yngri fækkar.
 - Eldra fólki fjölgar.

Verbúðir eða varanleg búseta?

	Karlar	Konur	Karlar umfram konur
Patreksfirði	408	348	17%
Tálknafirði	131	103	27%
Bíldudal	149	107	39%
Samtals	688	574	23%

Karlar voru fleiri en konur á sunnanverðum Vestfjörðum í upphafi árs 2024. Heimildir: Hagstofan, eigin útreikningar.

- Frá ársbyrjun 2014 og fram í ársbyrjun 2024 fjölgaði körlum um 23% í þorpunum þrem á sunnanverðum Vestfjörðum. Konum fjölgaði um 4% á sama tíma, en börnum, 15 ára og yngri, fækkaði um 8%.
 - Karlar eru mun fleiri en konur á þessum slóðum – sérstaklega á Bíldudal.
- Þeim sem búa einir á þessum stöðum fjölgaði um 227 frá ársbyrjun 2014 fram á þriðja fjórðung 2023, en eiginlegum fjölskyldum fækkaði um 8 – samkvæmt (óleiðréttum) Hagstofutölum.
 - Fjöldi þeirra sem búa einir sennilega ofmetinn.
 - Hyggja nýir íbúar á langa búsetu á þessum slóðum?
 - Eiga tölurnar eftir að breytast þegar meiri reynsla er komin á starfseminu?

Auðlindarenta og skattlagning

- Sjóeldisleyfi eru hátt í 100 milljarða króna virði.
 - Mat byggt á reikningum Ice Fish Farm, móðurfélags Laxa fiskeldis og Fiskeldis Austfjarða.
 - Mat fyrirtækisins, byggt á samtölum við íslensk stjórnvöld, að leyfin verði endurnýjuð um alla framtíð.
 - Leyfin veitt án endurgjalds.
 - Ekki endilega tómur ágóði fyrir samfélagið – á móti koma umhverfisáhrif.
 - Í Noregi voru leyfi lengi veitt án endurgjalds.
 - Stjórnámálamenn vildu byggja upp nýjan atvinnuveg í dreifðum byggðum.
 - Frá 2002 hafa flest verið seld á föstu verði – en sum á uppboði.
 - Árið 2019 var talið að greiðslur sem norska ríkið hefði fengið fyrir leyfin væri sem nemur um 3% af verðmæti þeirra.
 - Íslensk sjóeldisfyrirtæki hafa greitt gjöld til rannsókna á fiskeldi og uppbyggingar innviða. Um það bil 600-700 milljónir króna til úthlutunar 2024.
 - Gjöldin hækka ár frá ári.

Tekist á um leyfisveitingar

- Snemma í október 2018 afturkallaði úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála leyfi tveggja fyrirtækja til þess að rækta frjóan lax í opnum kvíum í Tálknafirði og Patreksfirði.
 - Skoða ætti aðra kosti: Lokaðar kvíar, ófrjóan lax, landeldi.
- Fimm dögum síðar samþykkti alþingi ný lög sem gerðu umhverfisráðherra kleift að gefa út bráðabirgðaleyfi.
- Leyfi gefið út mánuði síðar.
- Í desember 2021 birti Eftirlitsstofnun EFTA formlega áminningu til íslenskra stjórnvalda:
 - Lagabreytingin frá 2018 braut í bága við evrópureglur um mat á umhverfisáhrifum.
 - Fundið að því að ekki mætti kæra útgáfu bráðabirgðaleyfis til úrskurðarnefndar.
 - Umhverfisvernd sé eitt af meginmarkmiðum samnings um Evrópskt efnahagssvæði.
 - Tryggja verði að gildu umhverfismati sé lokið áður en leyfi sé veitt fyrir sjóeldi.

Hvert er markmiðið með umhverfismati?

- Að kortleggja umhverfisáhrif framkvæmdar...
- Auðvelda ákvörðun um að leggja í framkvæmd...
- Vekja athygli á umhverfisógnum í tíma, svo að hægt sé að komast hjá skaða...
-

Hvert er markmiðið með umhverfismati?

- Að kortleggja umhverfisáhrif framkvæmdar...
- Auðvelda ákvörðun um að leggja í framkvæmd...
- Vekja athygli á umhverfisógnum í tíma, svo að hægt sé að komast hjá skaða...
-
- ...Formsatriði?

Hvert er markmiðið með umhverfismati?

- Að kortleggja umhverfisáhrif framkvæmdar...
- Auðvelda ákvörðun um að leggja í framkvæmd...
- Vekja athygli á umhverfisógnum í tíma, svo að hægt sé að komast hjá skaða....
-
- ...Formsatriði?
- Hvað á að gera þegar framkvæmd stenst ekki umhverfismat?

Hvernig má hafa gagn af umhverfismati?

- OECD 2005 (um virkjanir):
 - Þjóða þarf leyfi út á frjálsum markaði, en setja fyrst lágmarksverð vegna nota á fágætum náttúruauðlindum (sem ekki verða notaðar í annað) og umhverfisrasks sem framkvæmdin veldur.
 - Ef verð í uppboði er lægra verður ekki af framkvæmdum.
- Hagrænt umhverfismat:
 - Skilyrt verðmætat, valtilraunir...
 - Aðferðir til þess að setja fram *mat á umhverfisáhrifum* í sömu einingum og annan framkvæmdakostnað: Í peningum..

Byggðastefna

- Mikill vilji hjá stjórnvöldum og almenningi til þess að styðja við byggð sem víðast á landinu.
- Stuðningur oftast bundinn við einstök verkefni:
 - Hagstæð lán, bein þátttaka hins opinbera í verkefnum, ókeypis aðgangur að náttúruauðlindum..
- Mætti gera hana almennari í stað þess að binda hana við einstök verkefni?
 - Láta markaðinn skera úr um hvaða verkefni ganga upp...
- Í Noregi er launaskattur atvinnurekenda frá 0 til 14,1% af launagreiðslum.
 - Skatthlutfallið hefur mælanleg áhrif á atvinnu...

Samantekt

- Sjóeldi á laxi jókst hratt á árunum 2015-2021.
 - Skiptir ekki köpum í þjóðhagslegu samhengi.
 - Helsta skýring á mannfjölgun á sunnanverðum Vestfjörðum undanfarin ár.

Samantekt

- Sjóeldi á laxi jókst hratt á árunum 2015-2021.
 - Skiptir ekki köpum í þjóðhagslegu samhengi.
 - Helsta skýring á mannfjölgun á sunnanverðum Vestfjörðum undanfarin ár.
- Laun yfir meðallagi...
 - ...en freista ekki Íslendinga nóg til þess að þeir flytji vestur...

Samantekt

- Sjóeldi á laxi jókst hratt á árunum 2015-2021.
 - Skiptir ekki sköpum í þjóðhagslegu samhengi.
 - Helsta skýring á mannfjölgun á sunnanverðum Vestfjörðum undanfarin ár.
- Laun yfir meðallagi...
 - ...en freista ekki Íslendinga nóg til þess að þeir flytji vestur...
- Ívilnanir:
 - Greiða ekki fyrir fiskeldisleyfin ...
 - ...en greiða sérstök gjöld til innviða og rannsókna.
 - Sérstök afgreiðsla á umhverfismati 2018.

Samantekt

- Sjóeldi á laxi jókst hratt á árunum 2015-2021.
 - Skiptir ekki sköpum í þjóðhagslegu samhengi.
 - Helsta skýring á mannfjölgun á sunnanverðum Vestfjörðum undanfarin ár.
- Laun yfir meðallagi...
 - ...en freista ekki Íslendinga nóg til þess að þeir flytji vestur...
- Ívilnanir:
 - Greiða ekki fyrir fiskeldisleyfin ...
 - ...en greiða sérstök gjöld til innviða og rannsókna.
 - Sérstök afgreiðsla á umhverfismati 2018.
- Hvernig má hafa gagn af umhverfismati?
- Má taka upp almennari byggðastefnu í stað þess að einblína á einstök verkefni?